

**Ed.**

**47. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykka um fjárskipti.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Við 11. gr. 3. málsgrein orðist svo.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal, áður en veikin kom

sannanlega fram í fjárstofni þeirra, eða hafa síðar tekið við húi, er þeirri stærð nam, þótt gengið hafi saman vegna fjársýkinnar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Ég flutti á síðasta Alþingi frv. um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki. Var það frv. samið af nefnd, er starfar í austurhluta Suður-Þingeyjarsýslu að mæðiveikimálum. Var þar lagt til að gera nokkrar breytingar á ofanefndum lögum og bæta úr nokkrum bersýnilegum ágöllum, sem fram hafa komið við reynsluna. Sauðfjárveikinefnd viðurkenndi að vísu, að ýmislegt væri til bóta í því, en vildi þó ekki mæla með gagngerðum breytingum á löggjöf þessari að svo komnu máli.

Nú hefur sauðfjárveikinefnd snúið sér enn að nýju til Alþingis og óskað eftir, að breytt yrði að minnsta kosti einni grein í lögum nr. 88 frá 1941. Er þar farið fram á, að þeir bændur, sem búnir eru að missa nálega allan fjárstofn sinn, fái þrátt fyrir það rétt til að greiða atkvæði um fjárskipti. Hér er um svo sjálfsagt réttlætismál að ræða, að ég læt mér ekki koma til hugar, að Alþingi telji sér sæma að neita um þessa réttarbót. Það virðist nógu mikið mótlæti fyrir þau heimili, sem misst hafa nálega allan hústofn sinn, án þess að sjálfskaparvítum verði um kennt, þó að húsráðendur séu ekki sviptir atkvæðisrétti um það, hvort leyfilegt eigi að vera að hafa aftur heilbrigðan hústofn á landsvæði því, sem pestin getur lagt í auðn, ef ekki er gripið til skynsamlegra úrræða.

Þingmenn úr tveim stærstu flokkum þingsins hafa ekki flutt ný mál á þessu þingi til að láta sem glöglegast koma fram þann vilja Alþingis að sinna fyrst og fremst lýðveldisstofnuninni. Hins vegar munu flestir þingmenn haft gert ráð fyrir, að mál, sem eftir eðli sínu geta ekki þolað bið til hausts, gætu fengið afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Þetta mál er eitt af þeim, sem ekki þola bið, þar sem nokkrar af blómlegustu byggðum landsins eru í sýnilegri eyðingarhættu af völdum fjárpestarinnar, ef ekki verður gripið til nýrra úrræða. Ráðgert er að hafa atkvæðagreiðslu um málið í vor og undirbúa síðan fjárskipti næsta haust, ef ekki koma fyrir óvæntar hindranir.

Ég læt fylgja greinargerð frá sauðfjárveikinefnd Þingeyinga um frumvarpsgreinina og skeyti til mín frá sömu nefnd, nýfengið, þar sem í stuttu máli er skýrt frá þeirri yfirvofandi hættu, sem héruðunum er búin af pestinni, ef ekki er gripið til heilbrigðra ráðstafana.

### Um 1. gr.

Samkv. gildandi lögum hafa þeir einir fjáreigendur atkvæðisrétt um fjárskiptafrumvarp, sem átt hafa 25 kindur við síðasta skattframtal, áður en atkvæðagreiðsla fer fram. Nú hefur reynslan sýnt, að hjá ýmsum bændum fer fjárdauði af völdum pestanna svo hratt, að fjártala þeirra er komin niður fyrir þetta lágmarksskilyrði fyrir atkvæðisrétti. Þar sem það getur alls ekki hafa verið tilætlun löggjafanna að svipta þá menn, sem fjárpestin valda mestum búsjfjum, atkvæðisrétti um úrlausnir til viðreisnar þessari atvinnugrein sinni, meðan þeir væru við búskap, þá gerir frumvarpið ráð fyrir að skilyrðisbinda atkvæðisréttinn við fjáreign manna, áður en fjárpestin náðu til að rýra hana.

### Simskeyti frá sauðfjárveikinefnd Þingeyinga.

Undirrituð framkvæmdanefnd fjárskiptaráðs Þingeyinga leyfir sér hér með skora á hið háa Alþingi taka til meðferðar nú þegar frumvarp það, sem þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu flutti á síðasta Alþingi, um breytingar á lögum nr. 88 frá 1941, og gera

að lögum að minnsta kosti fyrstu grein frumvarpsins. Nái ekki breyting sú, er fyrsta grein fjallar um, lagagildi strax, missir hér fjöldi bænda við næsta skattframtal atkvæðisrétt í fjárskiptamálum. — Karl Kristjánsson, Björn Haraldsson, Jón Gauti Pétursson.